

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Olíudreifing Djúpavogi



<b>Dags eftirlits</b>	17.4.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálk Friðgeirsson	
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Fulltrúi UST</b>		
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið	
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Baldur Gunnlaugsson	<b>Staðsetning</b>	725275,57	470435,905

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Djúpavogi, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Rekstrarhandbók var í góðu lagi.

Í eftirliti voru mældar olíuleifar í frárennsli stöðvarinnar. Niðurstaðan er að sýnið stóðst olíuþróf Macherey Nagel. Olíuþykkt í olíuskilju var einnig mæld og reyndist í góðu lagi.

Einn geymir er í stöðinni nr. T0055 og ein virk lögn nr. 765.60.00 sem nær niður á bryggju. Mælingar á þeim eru í góðu lagi.

Búið er að grófjafna og snyrta þróarbotn þar sem geymar stóðu áður og sjást nú engin merki um þá. Bent er á að lekaprófa þarf þróarbotn á 10 ára fresti þar sem því verður við komið (gr. 60).

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja. Loki í frárennsli þróar stöð lokaður.

### ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir við olíubirgðastöðina voru gerðar.

Reykjavík, 02.05.2013

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.